

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF16 – 2021 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun.

Áhugamannafélög

1. Ferðafélag Útivist - Göngubrú yfir Þórsmörk.

Kr. 6.350.000,- styrkur til hönnunar á göngubrú yfir Þröngá norðan við Rjúpnafell. Hugmyndin er að reisa brú á milli tveggja kletta og tröppur upp að brúnni sitt hvorum megin. Brúin eykur bæði öryggi göngufólks auk þess sem hún stuðlar að aukinni dreifingu ferðamanna um svæðið.

Verkefnið stórbætir öryggi ferðamanna á svæðinu og fellur því vel að einu meginmarkmiða sjóðsins.

2. Hestamannafélagið Geysir: Áningarhólf að Fjallabaki - Dómadalsleið áfangi 2.

Kr. 500.300,- styrkur til að stýra hvar stöðvað er með hestahópa. Þannig má koma í veg fyrir gróðurskemmdir á viðkvæmu landsvæði.

Verkefnið speglar vel eitt af meginmarkmiðum sjóðsins, er varðar náttúruvernd.

3. Hollvínafélag Gvendarlaugar hins góða - Gvendarlaug í Bjarnarfirði- Úrbætur til að undirbúa þátttöku í Vestfjarðarleið.

Kr. 6.333.000,- styrkur sem felur í sér úrbætur í öryggismálum, sérstaklega að vetrarlagi. Slíkt bætir aðgengi á heilsársgrundvelli.

Verkefnið fellur vel að áherslum sjóðsins þegar kemur að öryggi ferðamanna og svæðisbundinna áfangastaðaáætlana.

4. Pílagrímar áhugafélag - Pílagrímaleiðin Bær - Skálholt.

Kr. 400.000,- styrkur til að endurnýja stikur, hlaða vörður, bæta upplýsingaskilti, príflur og vegpresta. Markmiðið er að stýra ágangi, forða villum ferðamanna og er verkefnið á áfangastaðaáætlun Vesturlands.

Verkefnið fellur vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þegar kemur að áfangastaðaáætlunum, náttúruvernd og öryggi.

5. **Skógræktarfélag Íslands - Opinn skógur Sólbrekkum - Skógarhús Sólbrekkuskógi.**
Kr. 43.758.599,- styrkur til að byggja skógarhús með eldstæði og ytri kennsluáðstöðu. Verkefnið er til þess ætlað að auka gildi svæðisins til útiveru, náttúruupplifunar og náms. Í þjónustuhluta verða þurrklósett.
Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, stuðlar að náttúruvernd, bætir úr skorti á grunnþjónustu og speglar því vel meginmarkmið Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
6. **Skógræktarfélag Reykjavíkur - Tengileið Mógilsá - Kollafjörður lokafrágangur.**
Kr. 7.820.000,- styrkur sem tengir útivistarsvæðið í Esjuhlíðum á Kollafjarðarjörðinni við Mógilsársvæðið, þar sem mikil uppbygging hefur verið frá 2018. Búið er að leggja þrjár fjallahjólaleiðir og eina gönguleið.
Verkefnið stuðlar að náttúruvernd og bætir úr öryggi ferðamanna á mjög fjölförnum ferðamannastað. Einnig á að bæta merkingar til að bæta stýringar. Því uppfyllir verkefnið vel meginmarkmið sjóðsins.
7. **Skógræktarfélag Reykjavíkur: Þverfellshorn – Öryggisaðgerðir.**
Kr. 2.460.000,- styrkur til að bæta öryggi ferðamanna á mjög varasömum stað á göngustíg með uppbyggingu öryggisinnviða og stýra þannig betur umferð um kaflann.
Verkefnið rímar því vel við áherslupunkta Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, er varðar öryggi ferðamanna.

Einstaklingar

1. **Guðrún Guðmundsdóttir - Merking og kortlagning göngu-, fjalla- og skíðleiða í Vestfirsku ölpunum.**
Kr. 3.125.000,- styrkur til að merkja og stika þekktustu göngu- og hjólaleiðir í Vestfirsku ölpunum, þar á meðal á hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbak, gönguleiðir um sögusvið Gíslasögu og fræga hjólaleið, svokallaðan Svalvogahring. Nú eru engar leiðanna stikaðar og kort og leiðarvísar sem sett voru upp á nokkrum leiðum fyrir áratug eru nú að mestu ónýt.
Bættar merkingar munu gera íbúum svæðisins og gestum kleift að njóta svæðisins til fulls, bæta öryggi, auðvelda aðgengi og styrkja náttúruvernd fyrir ferðamenn.
2. **Marteinn Óli Aðalsteinsson - Stuðlagil, deiliskipulag í landi Klaustursels.**
Kr. 3.500.000,- styrkur sem snýr að gerð deiliskipulags fyrir aðkomusvæði að Stuðlagili í landi Klaustursels í Jökuldal. Skipulagið mun taka til staðsetningu bílastæða og þjónustuhúss, ásamt stígatengingum og útsýnissvæðum.
Verkefnið er mjög brýnt enda svæðið að verða einn vinsælasti ferðamannastaður landsins og því mikilvægt að vinna skipulega að náttúruvernd og öryggi ferðamanna við Stuðlagil.

3. Sveinn Ingimarsson - Strútsfoss - merkingar og áningarstaðir.

Kr. 1.566.000,- styrkur til að bæta stíga, merkingar og áningarstaði á 4 km gönguleið frá Sturluflöt að Strútsfossi vegna vaxandi umferðar göngufólks að þessari náttúruverlu.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og endurspeglar helstu áherslur sjóðsins hvað varðar náttúruvernd og aukið öryggi ferðamanna á veiku svæði.

4. Þórhildur María Jónsdóttir - Bætt aðgengi við flutningakláf á Skatastöðum.

Kr. 1.322.000,- styrkur í fyrsta fasa, undirbúning- og hönnun á bættu aðgengi við kláfinn yfir Eystri-Jökulsá sem er annar tveggja slíkra, sem enn eru í notkun á landinu. hann var settur upp árið 1856 og endurbyggður í núverandi mynd 1948.

Verkefnið felst í bættu öryggi við kláfinn, bílastæði, göngustíg, upplýsingaskiltum og áningarstað. Verkefnið er til þess fallið að vernda og stýra umferð ferðamanna á veiku svæði og tónar því vel við áherslur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fyrirtæki

1. Drangeyjarferðir ehf – flotbryggja í Drangey.

Kr. 20.000.000,- styrkur til að endurgera steypa bryggju við Drangey og flotbryggju, Verkið er flókið þar sem það er verið að steypa í sjó. Búið að koma fyrir steyputeinum og keðjum til að festa saman stóru steinana í fjörunni og þannig búið að gera allt klárt til að ljúka þessum þætti verksins.

Verkefnið er að styrkja flotbryggjuna sjálfa og setja í hana hólfi þannig að hún fljóti betur og stórauka þannig öryggi og aðgengi ferðamanna á þessum þekktu ferðamannastað.

2. Ferðapjónustan Fossárdal ehf – Áningarstaður í Fossárvík, bílastæði.

Kr. 19.728.845,- styrkur til að hefja framkvæmdir fyrsta áfanga við nýjan áningarstað í Fossárvík samkvæmt staðfestu deiliskipulagi og felur hann í sér gerð bílastæðis og gönguleiðar að útsýnispalli. Stæði verða fyrir 12 bifreiðar og eina hópbifreið.

Svæðið er aðgengilegt en brýnt að bæta úr skorti á grunnþjónustu og styrkja ferðapjónustu á veiku svæði allan ársins hring í samræmi við skipulag svæðisins.

3. Hveradalir ehf - Samtenging svífandi stíga á efra og neðra hverasvæði í Hveradölum.

Kr. 18.330.050,- styrkur til að leggja gönguleið milli efra og neðra hverasvæðis í samskonar svífandi stígum og eru þar, í stað upphaflegrar áætlunar um að tengja þau með stíg. Framkvæmdaraðilar telja það rétta í stöðunni að leggja slíkan afturkræfan stíg í stað stígs sem kallar á margfalt meira jarðrask og kostnað en áður var gert ráð fyrir.

Verkefnið kemur í veg fyrir skemmdir og eykur öryggi ferðamanna. Það bætir virkni staðarins, einnig aðgengi fyrir alla og fellur því vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

4. Iceland up close ehf. – Eiríksstaðir – Öryggi og aðgengi.

Kr. 4.468.800,- styrkur til að laga salernisaðstöðu til þess bæði að bæta aðgengi fyrir alla og bæta öryggi gesta. Áform eru um að taka upp stíga og hlaða aftur, bæta við stíga og hleðslur, lagfæra brýr og salernisaðstöðu. Eiríksstaðir eru vinsæll ferðamannastaður allt árið um kring, gjaldfrjálst er á svæðinu. Ágangur á svæðinu er talsverður.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun, bætir úr skorti á grunnþjónustu á veiku svæði og stuðlar að heilsárs ferðaþjónustu.

5. Sannir Reykjahlíð ehf. – Hverir og Hverarönd til sóma.

Kr. 27.000.000,- styrkur í hönnun og smíði á öruggari og betri göngustígum, léttu kaðlaafmörkun um þetta tiltölulega hættulega háhitasvæði og góðar merkingar til upplýsinga fyrir ferðamenn.

Verkefnið stórbætir öryggi ferðamanna á háhitasvæði, verndar náttúru og endurspeglar þannig megináherslur sjóðsins. Ekki er um fulla umbeðna styrkuppþæð að ræða en ekki er veittur styrkur til öflugrar girðingar samkvæmt kostnaðaráætlun.

6. Strandagaldur ses - Björgun Kotbýlis kuklarans.

Kr. 4.679.500,- styrkur til lagfæra skemmdir á Kotbýli kuklarans sem er annar hluti Galdrasýningarinnar sem er opin allt árið þar sem gestir geta fengið innsýn í líf og kukl alþýðunnar á 17.öld sér að kostnaðarlausu. Nú þarf því að fara í aðkallandi aðgerðir til að tryggja öryggi gesta á svæðinu.

Verkefnið bætir öryggi gesta á vinsælum ferðamannastað, þar sem að aðdráttarafi staðarins liggur undir skemmdum. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og fellur vel að áherslum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

7. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes - Skipulag fyrirmyndar útivistarstíga um Snæfellsnes.

Kr. 11.200.000,- styrkur til að samræma skipulag og hönnun á sameiginlegu neti útivistarleiða um Snæfellsnes og festa slíka leið í sessi í skipulagi. Móta gæða og öryggisviðmið. Heildarstefna og skipulag fyrir fyrirmyndar útivistarstíga á Snæfellsnesi. *Ánægjulegt er að sjá sveitarfélög sameinast um framtíðarsýn svæðisins. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins og fellur mjög vel að grunnáherslum sjóðsins.*

8. Verkís - Hönnun áfangastaðar í Víkurfjöru í Mýrdalshreppi.

Kr. 4.000.000,- styrkur til að þróa áfangastað í Víkurfjöru, þ.e. hönnun útsýnisstaðar við fjöruna en í því felst hönnun mannvirkja, landmótun og útfærsla á verkfræðilegum lausnum. Markmið verkefnisins er m.a. að auka öryggi ferðamanna og tryggja aðgengi að Víkurfjöru, þ.e. aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda með því að styrkja göngutengsl og stýra umferð ferðamanna.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, bætir úr skorti á grunnþjónustu og aðgengi fyrir alla á gríðarlega vinsælum ferðamannastað. Það eykur afköst staðarins, bætir öryggi og rímar því vel við margar helstu áherslur sjóðsins.

Landeigandi/landeigendafélög

1. Guðmundur Eiríksson - Gilsárfoss í Fáskrúðsfirði.

Kr. 2.000.000,- Laga veg og gönguleið upp að Gilsárfoss. Taka stór grjót úr vegi, setja fjögur lítil ræsi og aka finu efni í veginn. Vegurinn er um 600m. Eins að laga gönguleið að fossbrún og að fossinum. Gera bílastæði og snúningsplan.

Mjög verðugt innviðaverkefni, sem að stuðlar að auknu öryggi ferðamanna og bættri umgengni á viðkvæmu svæði.

2. Jökuldalur slf - Stuðlagil Öryggisúttekt, landslagshönnun og skipulag.

Kr. 21.490.500,- styrkur í verkefni sem er þríþætt; 1) að fá teymi sérfræðinga (öryggissérfræðinga, landslagsarkitekt, byggingaverkfræðinga, landfræðinga) til að meta Stuðlagil, beggja vegna ár, út frá öryggi, koma með tillögur að uppbyggingu og ásýnd landslags. 2) að eftir úttekt liggi fyrir landslagshönnun, útlit og hönnunarforsendur sem nýttar eru til hönnunar mannvirkja og umhverfis; og 3) að niðurstaðan verði nýtt fyrir skipulag fyrir gilið í heild sinni, beggja vegna ár.

Verkefnið snertir á öryggi og náttúruvernd við Stuðlagil, sem er á áfangastaðaáætlun svæðisins og tekur á heildarskipulagi á sífellt vinsælli ferðamannastað. Mikilvægt er að bæta og efla allt öryggi á þessum stað.

Sveitarfélög

1. Akureyrarbær - 2. áfangi að stígagerð og brúun í fólkvanginum á Glerárdal frá bifreiðastæði að Lamba (skála ferðafélags Akureyrar).

Kr. 23.805.000,- styrkur í fyrsta áfanga að rista fyrir stíg og setja salla í hann. Einnig að koma fyrir ræsum og brúun mýrlendis og lækja á 4 km kafla í átt að skála Ferðafélagsins. Þessi áfangi byrjar um 4 km inn á dalnum og endar í 8 km. Fólkvangurinn hefur fyrst núna eftir að stígagerð í fyrsta áfanga hófst orðið að mjög vinsælli göngu- og hjólaleið og margir hafa lagt leið sína fram dalinn. Búið er að vinna mikla skipulagsvinnu og teikna upp gönguleiðirnar samkvæmt samþykktum uppdrætti fólkvangsins Stjórnunar - og verndaráætlun fólkvangsins (Glerárdals) var staðfest 2017 og verða allar framkvæmdir í fólkvanginum háðar samþykktum UST.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun, snýst um náttúruvernd og bætt öryggi á fjölsóttum ferðamannastað og er því mjög verðugt verkefni.

2. Árneshreppur: Ferðamannastaðurinn Norðurfjarðarhöfn.

Kr. 2.597.840,- styrkur til að hanna svæðið með tilliti til þess að ferðamenn geti upplifað nálægðina við höfnina þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Hafnar svæðið í Norðurfirði er mjög vinsæll ferðamannastaður. Ferðamenn eru mjög áhugasamir um að fylgjast með hafnarstarfsemi og stefna sér iðulega í stórhættu.

Verkefnið eykur öryggi ferðamanna á vinsælum ferðamannastað á veikum svæði, bætir úr skorti á grunnþjónustu og auðveldar aðgengi. Það rímar því vel við áherslur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

- 3. Eyjafjarðarsveit - Hjóla- og gönguleiðir og áningarstaðir - undirbúningur og hönnun.**
Kr. 2.378.000,- styrkur til að undirbúa og hanna göngu- og hjólaleiðir í Eyjafjarðarsveit til að setja fram lokahönnun, leiðalýsingar og framkvæmdaáætlun. Af samtals 24 leiðum hefur einungis lítill hluti leiðanna verið merktar, skráðar, stikaðar eða hnitsettar og lítið er um áningarstaði við upphaf þeirra. Verkefnið mun efla Eyjafjörð og nærliggjandi svæði á norðurlandi til muna þegar framkvæmdum við það lýkur.
Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættu öryggi, náttúruvernd og er auk þess á áfangastaðaáætlun svæðisins.
- 4. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - göngubrýr og norðurstígur.**
Kr. 7.700.000,- styrkur til að smíða og koma fyrir tveimur göngubrúum yfir Hengifossá til að opna gönguleið á norðurbakka árinna. Staðsetning göngubrúanna er sett fram í deiliskipulagi svæðisins, annars vegar við efsta útsýnisstað áður en gengið er inn í gljúfrið, hins vegar niðri við bílastæði milli gljúfurkjafts og bílabrúar. Gönguleið norðanmegin ár verður stikuð samhliða brúargerð.
Verkefnið lýtur að nokkrum mikilvægum áherslum sjóðsins. Það bætir grunnþjónustu og öryggi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins. Styrkurinn er veittur með þeim fyrirvara að svæðið við Hengifoss sé tekið af Landsáætlun og fjárveitingar þaðan afþakkaðar.
- 5. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - bætt aðstaða og verndun náttúru.**
Kr. 1.871.000,- styrkur til að viðhalda göngustígum, bæta merkingar og afmarka betur áningarstaði og útsýnisstaði til að draga úr gróðurskemmdum og minnka fallhættu göngufólks ásamt því að koma upp aðstöðu fyrir flokkun sorps við bílastæði og bæta nestisaðstöðu.
Verkefnið lýtur að nokkrum mikilvægum áherslum sjóðsins. Það bætir grunnþjónustu og öryggi, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins. Styrkurinn er veittur með þeim fyrirvara að svæðið við Hengifoss sé tekið af Landsáætlun og fjárveitingar þaðan afþakkaðar.
- 6. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - Bygging þjónustuhúss.**
Kr. 55.000.000,- styrkur í byggingu þjónustuhúss fyrir ferðamenn með salernisaðstöðu og rými fyrir landvörslu og upplýsingagjöf. Byggingin er hluti af heildstæðri innviðauppbyggingu á staðnum í samræmi við skipulagsáætlanir og DMP áætlun til að tryggja aðgengi og öryggi gesta sem fjölgar ár frá ári.
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitir þjónustuhúsi við Hengifoss 55 milljóna króna styrk árið 2021 og er það endanlegur styrkur sjóðsins til framkvæmda við þjónustuhús við Hengifoss. [...] Ekki er um fulla umbeðna styrkupp hæð að ræða. Styrkurinn er veittur með þeim fyrirvara að svæðið við Hengifoss sé tekið af Landsáætlun og fjárveitingar þaðan afþakkaðar.

7. Hafnarfjarðarkaupstaður - Seltún - áframhaldandi uppbygging.

Kr. 16.000.000,- styrkur til að bæta aðstöðu, þjónustu og gönguleiðir sem og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild. Um er að ræða mjög virkt sprengigígja- og borholusvæði og kallar það eitt á að gönguleiðir þarf stöðugt að vera að laga þar sem slitið er mikið. Sett var bundið slitlag á bílastæði ásamt að laga stíga eins og hægt var 2017. 2018 var hafin vinna við undirbúning að stækkun salerna með að leggja vatn frá borholu að Seltúni en ný salerni voru opnuð 2020. Framkvæmdin felur í sér gerð göngupalla og dvalarsvæði við háhitasvæði sem er á svæðinu upp á barðinu. Í dag eru þar malarstígar sem oft eru í drullu. Búið er að hanna útlit og staðsetningu.

Verkefnið er brýnt vegna öryggis- og náttúruverndarsjónarmiða. Þessi vinsæli ferðamannastaður er á áfangastaðaáætlun og verkefnið því í samræmi við megináherslur sjóðsins.

8. Hrunamannahreppur - Brúarhlöð, skipulag og hönnun innviða.

Kr. 5.500.000,- styrkur í næsta áfanga, sem er að vinna áfram og ljúka við deiliskipulag og hönnun. Hönnun áningarstaða, hönnun á tröppum á 3 stöðum, hönnun útsýnispalla á 3-4 stöðum, hönnun bílastæðis. Framtíðarsýn á svæðinu byggist á áfangaskiptri framkvæmdaáætlun. Á áætlun um heildarmynd svæðis: aðkoma, umhverfi, stígar, bílastæði, merkingar.

Verkefnið fellur mjög vel að áherslum sjóðsins en Brúarhlöð eru á áfangastaðaáætlun Suðurlands og verða sífellt vinsælli sem ferðamannastaður.

9. Húnavatnshreppur - Þrístapar-lok.

Kr. 51.500.000,- styrkur til að ganga frá aðkomuplani með grjótpollum, cortenstálhliði og girðingu, hellulögn og tilheyrandi jarðvinnu. Hlaða 23 m langan og 0,8 m háan vegg við áningarstaðinn, helluleggja áningarstað með náttúrusteini ásamt tilheyrandi jarðvinnu og frágangi. Helluleggja 140 m langan og 0,9 m breiðan göngustíg um minjasvæðið ásamt tilheyrandi jarðvinnu og frágangi. Setja upp fræðsluskilti með tilheyrandi festingum, jarðvinnu og frágangi.

Uppbygging innviða og frágangur á vinsælum ferðamannastað. Verkefnið bætir aðgengi fyrir alla, stuðlar að náttúruvernd og er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

10. Hveragerðisbær - Varmárgil, frumhönnun stígs og áningarstaða.

Kr. 4.800.000,- styrkur í frumhönnun fræðslu- og upplifunarstígs með útsýnis og áningarstöðum í árgili Varmár á milli Fossflatargarðs og Baulufoss. Í vinnslu er deiliskipulag Friðarstaða þar sem stígurinn verður festur í sessi. Stígurinn mun bjóða upp á einstaka náttúruupplifun og fróðleik um jarðfræði og sögu raforkuframléiðslu í einstöku umhverfi við Varmá. Markmiðið er að bjóða upp á friðsælan og fræðandi ferðamannaslóð í góðum tengslum við miðbæ Hveragerðis sem tryggir öryggi ferðamanna og verndar viðkvæma náttúru.

Verkefnið eykur öryggi ferðamanna og styrkir náttúruvernd á viðkvæmu svæði. Einnig bætir það úr skorti á grunnþjónustu, mun auka afköst svæðisins.

11. Ísafjarðarbær - Göngu- og hjólaleiðir í Önundarfirði.

Kr. 6.902.100,- styrkur til að stika og merkja hjóla- og gönguleið um Klofningsdal, Eyrarfjall og aðra á fjallið Þorfinn, báðar í Önundarfirði. Um er að ræða þekktar en villugjarnar gönguleiðir þar sem nauðsynlegt er að bæta öryggi og aðgengi og gera auðveldari yfirferðar. Nákvæm lega leiðanna hefur verið ákveðin og staðsetning leiðbeinandi og vegvísandi skila og táknmynda hefur verið ákveðin. Upphafsstaðir hafa einnig verið ákveðnir. Leyfi hefur verið fengið fyrir framkvæmdunum hjá landeiganda og sveitarfélagi.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun svæðisins, eykur öryggi ferðamanna og bætir grunnþjónustu á veiku svæði. Það rímar því vel við áherslur sjóðsins.

12. Mýrdalshreppur - Útsýnispallur í hlíðum Reynisfjalls.

Kr. 1.192.784,- styrkur til að hanna útsýnispall sem fellur vel inn í umhverfið er hugsaður til þess að göngufólk geti notið útsýnisins til Hjörleifshöfða og lundavarsins án þess að vera í hættu. Reynisfjall er fjölfarnasta fjall Mýrdalshrepps enda er aðgengi að því með besta móti. Ofarlega í fjallinu er viðkvæmt lundavarp ásamt hættulegum klettbrúnum sem ferðamenn sækja mikið í, því er stýringar þörf. Ákvörðun hefur verið tekin um uppbygginguna. Staðsetning ákveðin. Hönnunarvinna er næsta skref áður en ráðist verður í framkvæmdir.

Verkefnið stuðlar að verndun gróður og fuglalífs og það eykur bæði ánægju og öryggi gesta. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og stuðlar að bættu aðgengi á vinsælum stað.

13. Norðurþing - Áfangastaðir austan Tjörness.

Kr. 23.100.000,- styrkur í hönnun áfangastaðanna var gerð í samráði við eigendur og Vegagerðina. Þeir staðir sem um ræðir eru eftirfarandi: Naustárfoss, Hólaheiði, Snartarstaðir, Fuglaskýli-Höskuldarnes, Snartarstaðarnúpur, Hvalvík og Hestfjall og Fuglaskýlið á Kópaskeri. Búið er að hanna staðina sem um ræðir heildstætt.

Um er að ræða áhugavert verkefni sem fellur vel að megináherslum sjóðsins og er á áfangastaðaáætlun Austurlands. Stjórn sjóðsins ákvað að styrkja öll verkefni nema "Hólaheiði - Bílastæði við gatnamót". Því er ekki um fulla styrkupp hæð að ræða.

14. Rangárþing eystra - Úrbætur við Gluggafoss.

Kr. 19.348.689,- styrkur í hönnun og gerð varanlegs stígs, útsýnispalls inni í gilinu og trappa upp með öllum fossinum vestan megin sem og úrbætur á hentistíg sem hefur myndast austan megin. Fjölmargin hentistígar hafa myndast, austan og vestan megin og mikil slyshætta er þegar blautt er í veðri og jarðrask er mikið. Afmarka þarf göngustíg að pallinum. Ástand svæðisins er verulega slæmt.

Verkefnið snýst um að byggja upp innviði á viðkvæmu svæði, sem er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og fellur vel að kröfum sjóðsins.

15. Rangárþing eystra - Stíga- og skiltagerð við Kvernugil/Kvernufoos.

Kr. 7.411.847,- styrkur til að klára stígagerð, frá miðju gilsins og inn að fossi. Villustígar hafa myndast og sú stígagerð sem ráðast þarf í eykur öryggi þeirra er ganga inn gilið. Útbúa þarf varanlegar lausnir því bleyta og úrrennsli veldur skemmdum á stígum. Bæta þarf þau skilti sem að eru og setja upp upplýsinga- og öryggisskilti.

Verkefnið snýst um að byggja upp innviði á viðkvæmu svæði, sem er á áfangastaðaáætlun svæðisins og fellur vel að kröfum sjóðsins.

16. Rangárþing eystra - Nýtt bílastæði, stíga- og skiltagerð við Nauthúsagil.

Kr. 14.753.972,- styrkur til að gera nýtt bílastæði niður á aurnum og göngustíg að gilinu. Lagfæring og uppbygging á stígum í gilinu er nauðsynleg og fjarlægja brú sem gerir ekki gagn og er lýti af, loka þar með stígum sem farið er að renna ótæpilega úr og græða þá upp. Síðan þarf að loka villu- og hentistígum og fjarlægja tré.

Verkefnið felst í að bæta innviði á ferðamannastað sem hefur sprungið út á síðasta ári sem rímar vel við áherslur sjóðsins og er á áfangastaðaáætlun.

17. Reykjanes Geopark - Brimketill - áfangi 2.

Kr. 15.000.000,- styrkur til að stækka núverandi útsýnispall við Brimketil á Reykjanesi. Upphafleg hönnun útsýnispallsins gerði ráð fyrir öðrum samtengdum palli með setbekk og staðsettur nær sjálfum Brimkatli.

Verkefnið felst í að bæta öryggi og stækka aðstöðu við vinsælan ferðamannastað. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Reykjanes.

18. Sameinað sveitarfélag Djúpavogs, Borgarfjarðar, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar - Djúpavogskörin.

Kr. 3.430.000,- styrkur í deiliskipulag til að vernda náttúru og tryggja öryggi fólks á svæðinu. Á þessu stigi verður einungis lögð áhersla á að breyta aðalskipulagi og deiliskipuleggja þetta svæði (þennan ferðamannastað) sem brýn þörf er á að bregðast við. Á seinni stígum er stefnt á að fara í hönnunavinnu sem í framhaldi leiðir af sér verklegar framkvæmdir í formi öruggs aðgengis á staðinn, öruggra stíga, uppbyggingu aðstöðu gesta og salernisaðstöðu.

Verkefni sem felur í sér deiliskipulagsvinnu til að bæta öryggi og vernda náttúru. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Austurlands.

19. Sameinað sveitarfélag Djúpavogs, Borgarfjarðar, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar - Göngustígar í Seyðisfirði: Gufufoss og Fjarðarsel.

Kr. 22.890.000,- styrkur í framkvæmd á uppbyggingu gönguleiðar frá þéttbýli í Seyðisfirði og upp að Fjarðarseli og þaðan áfram upp að Gufufossi.

Verkefnið er prýðilegt innviðaverkefni enda snýr það að bættu öryggi, náttúruvernd og er auk þess á áfangastaðaáætlun svæðisins. Veitt með fyrirvara um framkvæmdaleyfi.

20. Sameinað sveitarfélag Djúpavogs, Borgarfjarðar, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar - Útsýnissvæði við Bjólf: hugmyndasamkeppni um uppbyggingu á aðgengi og aðstöðu. Kr. 9.500.000,- styrkur í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðafólk á útsýnissvæði við snjóflóðavarnargarða við Bjólf og uppbyggingu á vegslóða að útsýnissvæði.

Áhugavert verkefnið sem snýr að hugmyndasamkeppni til að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Austurlands. Ekki er um fulla umbeðna styrkuppheð að ræða.

21. Skaftárhreppur - Ástarbrautin, gönguleið á Kirkjubæjarklaustri.

Kr. 6.610.800,- styrkur til að lagfæra göngustíg, skilti og príflur á gönguleiðinni Ástarbrautin sem er í Klausturheiði, Ástarbrautin verður þá fullgerð.

Verkefnið snýr að gerð göngustíga og verndun viðkvæmrar náttúru. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands og rímar vel við meginmarkmið sjóðsins.

22. Skútustaðahreppur - HM2022: Höfði í Mývatnssveit.

Kr. 44.400.000,- styrkur til að 1) koma upp salernisaðstöðu við Höfða í Mývatnssveit 2) Koma fyrir aðstöðu fyrir ferðamenn á reiðhjólum við Höfða (aðstaða til að leggja hjólum og möguleiki til hleðslu rafhjóla og 3) Koma fyrir "svífandi reiðhjólástígseiningum" í námunda við Höfða þar sem aðstæðum háttar svo til að hefðbundinn hjólástígur (malbikaður) gengur ekki vegna aðstæðna við Mývatn og sérlaga sem um svæðið gilda, með verndun þess að markmiði.

Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Norðurlands og snýr það að uppbyggingu innviða á vinsælum og viðkvæmum ferðamannastað.

23. Snæfellsbær - Svöðufoss: Gönguleið, göngubrú og útsýnispallur.

Kr. 41.724.000,- styrkur til að bæta aðgengi fyrir alla að fossinum með því að leggja göngustíg frá núverandi áningarstað, setja göngubrú yfir Laxá og koma upp útsýnispalli við fossinn.

Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins varðandi innviðauppbyggingu og náttúruvernd. Það er á áfangastaðaáætlun Vesturlands.

24. Snæfellsbær - Arnarstapi - Bætt aðkoma og umhverfi við Bárð Snæfellsás.

Kr. 19.000.000,- styrkur veittur í að bæta aðkomu og umhverfi við styttna að Bárði Snæfellsás.

Verkefnið mun bæta aðgengi þeirra ferðamanna sem heimsækja þennan stað. Ekki er um fulla umbeðna styrkuppheð að ræða. Það er á áfangastaðaáætlun Vesturlands

25. Stykkishólmsbær - Heildarskipulag áningarstaðar og útsýnisvæði á Súgandisey.

Kr. 24.950.000,- styrkur til deiliskipulagsgerðar fyrir Súgandisey sem mun tryggja heilstæða sýn á þróun eyjunnar. Samhliða skipulagsáætlun mun vera unnið að útsýnissvæði í samræmi við vinningstillögu úr samkeppni og veitt framkvæmdaleyfi á útsýnisskúlptúrinn að áætlun lokinni

Verkefnið snýst um heildarskipulag, sem miðar að því að bæta öryggi og náttúruvernd á fjölsóttum ferðamannastað. Það er á áfangastaðaáætlun Vesturlands.

26. Sveitarfélagið Hornafjörður - Leiðarhöfði - hönnun áfangastaðar.

Kr. 24.600.000,- styrkur til að halda hönnunarsamkeppni fyrir Leiðarhöfðann á Höfn og vinna skipulagsgerð fyrir reitinn.

Áhugavert verkefni á vinsælum útsýnisstað. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands.

27. Sveitarfélagið Hornafjörður - Göngu- og hjólastígur Svínafell/Skaftafell - Jöklaleið framkvæmd.

Kr. 97.436.114,- styrkur til að hanna og framkvæmda göngu- og hjólastíg frá Svínafelli yfir í Þjóðgarðinn í Skaftafelli í samvinnu við hagaðila á svæðinu. Leiðin mun samtvinna þjónustu- og búsetukjarna svæðisins um náttúru með endurnýtingu á vegslóðum.

Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins en það snýr að því bæta öryggi og aðgengi fyrir ferðamenn til að hægt verði að fara um þetta vinsæla svæði á sjálfbærann hátt. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands. Ekki er um fulla umbeðna styrkuppþæð að ræða.

28. Sveitarfélagið Skagafjörður - Ketubjörg - Aðgengi og öryggi ferðamanna.

Kr. 1.361.260,- styrkur í undirbúnings- og hönnunurvinnu við Ketubjörg á Skaga.

Markmiðið er að gera bílastæði, merkja svæðið betur, leggja göngustíga og gera öryggisráðstafanir við björgin.

Verkefnið rímar vel við áherslur sjóðsins en það snýr að hönnun á aðstöðu til að bæta öryggi og aðgengi fyrir ferðamenn. Það er á áfangastaðaáætlun svæðisins.

29. Vestmannaeyjabær - Lundaskoðunarstaður í Stórhöfða - Uppbygging útiaðstöðu.

Kr. 4.740.000,- styrkur til að setja upp útsýnispall við lundaskoðunarstað á Stórhöfða. Aðkoma og göngustígar sem liggja af staðnum eru til fyrirmyndar og hefur útsýnisstaðurinn orðið stór vinsæll staður. Verkefnið myndi stórbæta öryggi ferðamanna og gera þennan góða lundaskoðunarstað mun betri.

Innviðaupbygging sem stuðlar að bættu öryggi ferðamanna. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands. Styrkur er veittur með fyrirvara um veitingu framkvæmdaleyfis.

30. Vestmannaeyjabær - Uppbygging gönguleiðar um Sæfell.

Kr. 1.580.000,- styrkur í stígagerð og merkingar á gönguleiðinni með Sæfelli. Gönguleiðin er fjölsótt af bæði ferðamönnum og heimafólki og mikilvægt að stýra umferð þeirra með vandaðri stígagerð og merkingum. Engar merkingar eru á svæðinu og þörf á að ráðast í stígagerð nánast alla leiðina.

Verkefnið snýst um að bæta merkingar og huga að náttúruvernd á fjölsótttri gönguleið. Það er á áfangastaðaáætlun Suðurlands.

31. Vesturbyggð - Upplýsingaskilti á Rauðasandi.

Kr. 5.550.000,- styrkur til bæta merkinga-og skiltamál á Rauðasandi, upplýsa ferðamenn betur með upplýsingum um náttúru og öryggi, merkja leiðir og stýra álagi. Á skiltunum eiga að koma fram upplýsingar um náttúru, friðlönd, fuglavörp, hvað ber að varast, dýralíf, sögu, leiðbeiningar um umgengni og gönguleiðir. Við hönnun og uppsetningu skilta verður tekið mið af handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum.

Vinsæll ferðamannastaður þar sem nauðsynlega þarf að bæta úr upplýsingagjöf til að auka öryggi ferðamanna. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Vestfjarðar.

32. Þingeyjarsveit - Þeistareykir, gerð deiliskipulags og göngustíga.

Kr. 10.334.000,- styrkur til að vinna deiliskipulag fyrir svæðið með ferðamenn í huga. Þar verður ákveðið m.a. staðsetning og fjöldi áningarstaða með upplýsingaskiltum, snyrtiaðstaða, bílastæði og staðsetning göngu- og útsýnispalla. Vegna aukinnar umferðar um Þeistareyki er orðið mjög brýnt að gera deiliskipulag af svæðinu með ferðamenn í huga. Vegna hættu á brunasárurum og skemmdum á gróðri og umhverfi hveranna þarf að koma upp göngustígum strax næsta sumar eða um leið og deiliskipulagið er frágengið.

Um er að ræða viðkvæmt svæði sem nauðsynlegt er að skipuleggja áður en umferð um svæðið eykst. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Norðurlands.